

Reglur um afnot listamanna af Kjarvalsstofu - staðfestar af borgarráði 10. mars 1987

1. gr.

Kjarvalsstofa í París er íbúð og vinnustofa, sem ætluð er íslenskum listamönnum. Reykjavíkurborg, Menntamálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands lögðu fram fé til þess að koma upp slíkri starfsaðstöðu í Parísarborg með samningi við Cité Internationale des Arts, sem gerður var á árinu 1986.

2. gr.

Sérstök stjórnarnefnd fer með málefni Kjarvalsstofu. Í nefndinni eru 3 menn og eru tveir þeirra skipaðir af borgarráði að fengnum tillögum menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, en einn stjórnarmaður er skipaður af menntamálaráðherra. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Nefndin skal árlega auglýsa eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu. Umsækjendur skulu vera listamenn, sem starfa vilja um stundarsakir við listsköpun í París og sem fullnægja þeim reglum er stjórn Cité Internationale des Arts setur. Veita skal skemmst 2ja mánaða dvöl í Kjarvalsstofu en lengst er heimilt að veita listamanni afnot hennar í 12 mánuði samfleytt.

Þótt auglýst sé eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu, fer úthlutun einstakra vinnustofa í Cité Internationale des Arts eftir aðstæðum. Getur stjórn Kjarvalsstofu, í samráði við stjórn Cité Internationale des Arts, útvegað listamönnum sem þarfnast sérstakrar aðstöðu á vinnustofu sinni aðrar íbúðir, sem betur eru við þeirra hæfi, en Kjarvalsstofu er þá ráðstafað tímabundið til annarra réttihafa. Ef nægar umsóknir berast, skal úthluta afnotum Kjarvalsstofu fyrir eitt ár í senn og skal úthlutun lokið eigi síðar en 3 mánuðum fyrir upphaf úthlutunarárs. Skal senda niðurstöðu stjórnarnefndar til stjórnar Cité Internationale des Arts eigi síðar en 2 mánuðum fyrir upphaf úthlutunarárs.

4. gr.

Dvalargestir í Kjarvalsstofu skulu í samræmi við reglur Cité Internationale des Arts greiða dvalargjald sem standa skal undir rekstrarkostnaði hennar og sömuleiðis þá leigu, sem krafist er vegna sérstakrar aðstöðu þeim til handa. Dvalargestir skuldbinda sig til þess að hlíta þeim skilmálum og húsreglum sem stjórn Cité Internationale des Arts setur. Þeir skuldbinda sig einnig til þess að senda stjórn Kjarvalsstofu stutta greinargerð um störf sín í Kjarvalsstofu ásamt ábendingum um það, sem betur megi fara í rekstri vinnustofunnar. Slík greinargerð skal send stjórninni eigi síðar en mánuði eftir að dvöl lýkur.

5. gr.

Stjórn Kjarvalsstofu skal koma til fundar svo oft sem þörf þykir að mati formanns stjórnarinnar. Hún skal halda fundargerðarbók og skulu fundargerðir sendar til menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, menntamálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands.

Reglur þessar eru samþykktar af stjórnarnefnd Kjarvalsstofu 4. mars 1987 og staðfestar af borgarráði hinn 10. mars 1987 og af menntamálaráðuneytinu hinn 18. mars 1987.